



Jafnréttisáætlun leikskólans Stekkjaráss

2014 - 2017

Jafnréttisáætlunin nær annars vegar til kynjajafnréttis meðal starfsfólks og hins vegar meðal nemenda.

Skilgreining hugtaka sem kemur fram í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (10/2008, 2. gr.)

Kynbundin áreitni: Hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi hegðun, sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt tilvik getur talist kynbundin áreitni ef það er alvarlegt.

Kynferðisleg áreitni: Hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi kynferðisleg hegðun sem er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt.

Starfsmenn

Starfsmenn Stekkjaráss hafa verið í kringum 50 sl. starfsár. Að jafnaði hafa tveir til þrjú karlmenn verið starfandi í hópnum. Stefnt er að því að jafna kynjahlutföll í starfsmannahópnum.

Jafnréttisáætlun Stekkjaráss er gerð samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (10/2008, 18. gr.) Samkvæmt þeim hvílir sú skylda á fyrirtækjum og stofnunum sem eru með fleiri 25 starfsmenn að þeir geri sér jafnréttisáætlun eða samþætti jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Í jafnréttisáætlun skulu sérstaklega koma fram markmið og settar fram leiðir um það hvernig tryggja skulu starfsmönnum þau réttindi sem kveðið er á um í eftirfarandi greinum:

19. gr. Launajafnrétti.

20. gr. Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun.

21. gr. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs.

22. gr. Kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni.

Jafnréttisáætlun skal endurskoðuð á þriggja ára fresti.

Jafnréttisáætlun Stekkjaráss er grundvölluð út frá jafnræðisreglu stjórnarskráarinnar sem er:

Samstaða og jákvæð samskipti/samvinna karlar og kvenna er leið til jafnréttis Jafnræðisregla stjórnarskráarinnar kveður á um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs,

efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Sérstaklega er kveðið á um jafnan rétt kvenna og karla.

Jafnréttisáætlun Stekkjaráss tekur einnig mið af jafnréttisáætlun Hafnarfjarðar.

Jafnréttishugtakið er áfram víkkað út í áætluninni til að tryggja að minnihlutahópum sé ekki mismunað á grundvelli sérstöðu sinnar, að því leiti sem því verður við komið.

Stjórnendur bera ábyrgð á að: kynna stefnuna og að unnið sé samkvæmt henni.

Starfsauglýsingar

Markmið: Fjölga körlum í starfsmannahópnum.

Aðgerð: Skulu auglýsingar eftir starfsfólki vera ókynbundnar og karlmenn sérstaklega hvattir til að sækja um. Ef karlar eru í minnihluta, skulu þeir því ganga fyrir um ráðningar í störf séu umsækjendur jafnhæfir.

Ábyrgð: Skólastjóri og skrifstofustjóri skólaskrifstofu sem sér um að auglýsa eftir starfsfólki á leikskóla bæjarins.

Tímarammi: Alltaf þegar auglýst er eftir starfsfólki.

Ráðningar

Markmið: Við ráðningar verður unnið í samræmi við verklagsreglur Hafnarfjarðarbæjar um ráðningar með tillit til jafnréttissjónamiða. Stuðlað skal að því að þar starfi karlar jafnt og konur og að verkaskipting sé ekki kynbundin.

Aðgerð: Þetta er kannað í starfsmannaviðtölum á vorönn. En þar verða starfsmenn spurðir út í hvort þeir upplifi að karlar og konu gangi jafnt í öll störf miða við reynslu, menntun og getu. .

Ábyrgð: Skólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

Tímarammi: Þetta skal gert á hverju vori.

Kjör

Markmið: Konur og karlar skulu hafa sambærileg kjör og réttindi. Hæfnis- og árangurslaun og þeir þættir sem áhrif hafa á kjör skulu byggjast á málefnalegum forsendum óháð kyni. Laun skulu greidd samkvæmt kjarasamningum

Aðgerð: Starfsfólk fær laun samkvæmt kjarasamningi. Launalistar eru skoðaðir á hverju ári sérstaklega til að kanna hvort bæði launaröðun og fjöldi eftirvinnutíma sé ekki fullkomlega sambærilegur á milli kynja.

Ábyrgð: Skólastjóri og launafulltrúi.

Tímarammi: Maí ár hvert.

Starfsaðstæður, starfsþróun og símenntun

Markmið: Öllum starfsmönnum Stekkjaráss, skal standa til boða endurmenntun og starfsþjálfun. Starfsmenn skulu temja sér orðfæri sem höfðar jafnt til beggja kynja. Stuðlað skal að umræðum

um jafnréttismál og unnið gegn því að litið sé á störf í leikskólunum sem kvennastörf. Verkefni og kröfur til starfsmanna skulu vera algjörlega óháð kyni.

Aðgerð: Starfsfólk fái fræðslu um jafnréttismál og mikilvægi þess að vinna gegn hefðbundnum staðalmyndum kynjanna sem takmarka frelsi einstaklingsins.

Ábyrgð: Skólastjóri og aðrir stjórnendur leikskólans.

Tímarammi: Fræðsla um jafnréttismál fer fram árlega á vorönn.

Sveigjanleiki á vinnustað

Markmið: Starfsfólk skal hafa tækifæri á að sinna skyldum sínum í starfi jafnt sem einkalífi og þarf að ríkja jafnvægi milli starfsins og einkalífsins.

Aðgerð: Reynt er að koma til móts við starfsmenn um sveigjanleika í störfum þar sem kostur er en jafnt skal ganga yfir bæði kyn. Þess er ætlast að feður jafnt og mæður taki á sig fjarveru frá vinnu vegna eigin barna.

Ábyrgð: Skólastjóri og aðrir stjórnendur leikskólans.

Tímarammi: Í ráðningarsamtölum er farið yfir þessi mál. Það er tekið fram í handbók leikskólans að til þess sé ætlast að báðir foreldrar taki á sig fjarveru vegna veikinda eigin barna og kemur það einnig fram í starfsmannahandbók leikskólans. Efnisinnihald starfsmannahandbókar er sérstaklega tekið fyrir í nýliðabjálfun starfsmanna. Í árlegum starfsmannaviðtölum að vori er farið yfir fjarvistir vegna veikinda barna og þær skoðaðar með tilliti til þess hvort foreldrar séu að skipta með sér þeim dögum þegar barnið þeirra er veikt.

Kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Markmið: Koma í veg fyrir að kynbundin og kynferðisleg áreitni eigi sér stað innan leikskólans. Kynbundin og kynferðisleg áreitni er með öllu óheimild á leikskólanum Stekkjarási. Skilgreining á kynbundnu áreitni og kynferðislegri áreitni er að finna í 2. gr. 4. lið í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (10/2008, 2. gr.) og kemur sú skilgreining fram fremst í þessari jafnréttisáætlun.

Aðgerð: Vera skal á verði gagnvart því sem starfsmaður getur skynjað sem kynferðislegt áreitni. Starfsfólki kynnt hvað felst í kynbundinni eða kynferðislegri áreitni.

Ábyrgð: Skólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

Tímarammi: Á vorönn árlega er forvarnar- og viðbragðsáætlun leikskólans, gegn kynbundnu og kynferðislegu áreitni, kynnt. Forvarnaráætlun leikskólans og viðbragðsáætlun eru að finna í starfsmannahandbók leikskólans en efnisinnihald starfsmannahandbókar er sérstaklega tekið fyrir í nýliðabjálfun starfsmanna. Hafnarfjarðarbær skal standa fyrir viðhorfskönnun meðal starfsmanna um stöðu kynjanna með tilliti til jafnréttis með reglulegu millibili, a.m.k. annað hvert ár. Skulu niðurstöður úr viðhorfskönnunum verða kynntar fyrir starfsmönnum á kynningarfundum. Niðurstöður úr könnuninni verða notaðar við gerð starfsáætlunar og við endurskoðun jafnréttisáætlunar.

Nemendur

Leikskólanum ber sem menntastofnun að uppfylla 22. og 23. grein laga nr. 10/2008 um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla. Grunnurinn í jafnréttismenntuninni í Stekkjarási er að leita lausna fyrir öll börn leikskólans svo þau fái notið alls þess sem leikskólinn hefur upp á að bjóða. Lögð er áhersla á að vinna gegn staðalímyndunum s.s. hvað varðar kyn, ætterni, litarhátt, þjóðerni, trúarbrögð o.s.frv. og unnið að því að ryðja úr vegi öllum hindrunum sem takmarkar aðgengi og þátttöku einstakra barna eða barnahópa í viðfangsefnum leikskólastarfsins.

Kynferðisleg áreitni

Markmið: Koma í veg fyrir að kynbundin og kynferðisleg áreitni eigi sér stað innan leikskólans. Kynbundin og kynferðisleg áreiti er með öllu óheimild á leikskólanum Stekkjarási. Skilgreining á kynbundnu áreitni og kynferðislegri áreitni er að finna í 2. gr. 4. lið í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (10/2008, 2. gr.) og kemur sú skilgreining fram fremst í þessari jafnréttisáætlun.

Aðgerð: Að starfsfólk sé á varðbergi gagnvart allri hegðun sem telst gæti verð kynbundið eða kynferðislegt áreiti og ef það verður vart við slíkt að koma þeim upplýsingum á framfæri þannig að unnið verði strax í því að sú hegðun verði upprætt og þolanda áreitisins verði komið til hjálpar eins og við á. Unnið skal samkvæmt viðbragðsáætlun leikskólans við einelti en kynbundið og kynferðislegt áreiti fellur undir einelti. Nemendur skulu fræddir um hvað felst í kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í samræmi við forvarnaráætlun leikskólans, eins og við á, miðað við aldur og þroska nemenda.

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðrir stjórnendur leikskólans.

Tímarammi: Samkvæmt forvarnaráætlun leikskólans skulu eldri börn leikskólans fá fræðslu um einkarétt þeirra á líkama sínum og skal bókin einkastaðir mínir vera höfð til hliðsjónar í þeirri fræðslu. Þessi fræðsla skal fara fram einu sinni á önn og skulu leikskólastjóri, sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri vara deildastjórum innan handar við þessa fræðslu.

Menntun og skólastarf.

Markmið: Að nemendur fái fræðslu, umönnun, námstækifæri og fyrirmyndir sem stuðla að jöfnum tækifærum kynjanna til þátttöku í samfélaginu.

Aðgerð: Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í leikskólanum. Starfsmenn leitast við í umræðu og hátterni að vinna gegn allri mismunun t.d. er varðar hlutverk og stöðu kynjanna. Þess gætt að námsgögn s.s. bækur og spil ýti ekki undir mismunandi stöðu og hlutverk kynjanna og á kynjum sem ekki mismunað á einn eða annan hátt. Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð. Við mannaráðningar er leitast við að jafna hlut kynja í starfsmannahópnum til að nemendur fái notið menntunar, fræðslu og umönnunar frá báðum kynjum. Nemendur skulu fá fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. er lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu og atvinnulífi.

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðrir stjórnendur leikskólans.

Tímarammi: Að þessu markmiði skal unnið jafnt og þétt yfir skólaárið. Fræðsla um jafnréttismál fer fram í daglegu starfi leikskólans og skal hvert tækifæri nýtt til að ítreka jafna möguleika kynjanna og þá skiptir fordómalaus framgangi og viðhorf starfsmanna öllu máli. Öll stefnumótun svo sem endurskoðanir á skólanámskrá og kennslugagna skal taka mið af þessu markmiði.

Endurskoðun

Jafnréttisáætlun þessi skal endurskoðuð á þriggja ára fresti, næst 2017.

Heimild:

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og jafnréttis- og starfsmannastefnu Hafnarfjarðarbæjar.